



# NORÐURÞING - SIÐAREGLUR

## Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Norðurþingi

### 1. gr. Markmið siðareglnanna

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hárteini sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér fyrir hönd Norðurþings. Með kjörnum fulltrúum er átt við að sveitastjórnarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Norðurþings.

### 2. gr. Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Norðurþings. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins, sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar sveitarfélagsins sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúa aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé. Kjörnir fulltrúar forðast að hafast nokkuð það sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekk eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Norðurþing. Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Norðurþings um að framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

### 3. gr. Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins virðingu.

### 4. gr. Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því að ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum. Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmæðferðar í því sambandi fer eftir sveitarstjórnarlögum, hæfisreglum samþykktar um

HEI EB BMÍ BORG ÞORL.

stjórn Norðurþings. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmunu sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinnungur af slíku kemur fram strax eða síðan þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur.

### 5. gr. Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

### 6. gr. Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmunu eða almannahagsmunu samkvæmt lögum eða eðli mál. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum. Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Norðurþings, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

### 7. gr. Stöðuveitingar

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Norðurþingi sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

### 8. gr. Ábyrgð á fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa Norðurþings. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé, s.s. einkanotkun á byggingum sveitarfélagsins, bílum, tækjum eða verkfærum, nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af sveitarstjórn, kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit og úttektir, sem framkvæmdar eru af endurskoðendum bæjarins og öðrum til þess völdum aðilum, og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náiðst.

### 9. gr. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningu og fjölmíðlum á heimasíðu Norðurþings og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveðir til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 31. maí 2022

Hafnun Ógvinsdóttir  
H. Ógvinsdóttir  
Helena Eydís Þúgelðsdóttir

Ragnheiður Þ. Birnir Þorvaldsson  
Jónas Þ. Þ. Þorvaldsson

Erla Benediktsson